



**Kortlagning á jarðfræði hafsbotsins í Seyðisfirði og Norðfirði - Neðansjávarskriður, botngerð og strandgerð. Ögmundur Erlendsson, Árni Hjartarson, Anett Blischke og Guðmundur Birkir Agnarsson. Íslenskar orkurannsóknir – mars 2022.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Verkefnið snýr að neðansjávarjarðfræði- og jarðvarkortlagningu í Seyðisfirði og Norðfirði. Firðirnir eiga það sameiginlegt að þar má sjá greinileg merki um neðansjávarskriður sem hugsanleg jarðvá stafar af. Eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins er að varpaljósi stærð og umfang skriðanna, ásamt því að kortleggja og bæta þekkingu á botngerð og strandgerð fjarðanna. Meginniðurstaða verkefnisins er falin í útgáfu á þrennskonar mismunandi kortum af fjörðunum báðum, þ.e. jarðfræði- og jarðvarkorti, botngerðarkorti og strandgerðarkorti ásamt með jarðfræðiskýrslu. Vonast er til að þessar grunnathuganir nýtist við almennt mat á jarðvá og umhverfisáhrifum á viðkomandi stöðum og að litið verði til þeirra varðandi skipulag, staðarval og ýmsar framkvæmdir í eða við sjó. Alls voru 33 skriður kortlagðir, 26 í Seyðisfirði og 7 í Norðfirði, og helstu tölulegum upplýsingum safnað, s.s. um flatarmál, mestu lengd, úthlaupshorn o.fl. Skriðurnar skiptast í tvo flokka, þ.e. skriður sem fallið hafa af landi í sjó fram og skriður sem fallið hafa úr óstöðugum sethjöllum neðansjávar. Þótt ekki séu til staðfest tilfelli frá sögulegum tíma um neðansjávarskriður í íslenskum fjörðum sýna þessar rannsóknir að slíkar skriður hafa orðið fyrir á tímum. Þær benda einnig til að þar sem skriður hafafallið eru líkur á að þær endurtaki sig. Hér er því á ferðinni náttúruvá sem þarf að hafa vakandi auga með.